

4.2.2016

Eftirfarandi var bókað um 13. Mál á fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps í gær 3 febrúar 2016.

Þingskjal 13. Frv lög um versl m áfengi og tóbak.

Kristjana Gestdóttir lagði fram svohljóðandi bókun : Ég undirrituð lýsi megnri andstöðu minni við breytingu á „Frumvarpi til laga um breytingu á lögum um gjald af áfengi og tóbaki, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, áfengislögum og lögum um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum (smásala áfengis).“ (Þingskjal 13.)

Ég tel að með þessari breytingu séu einkahagsmunir settir ofar lýðheilsu í landinu, Þar sem margsannað er að aukið aðgengi sérhverrar vöru þýðir meiri neysla og áfengi er talið mjög áhættusamt fíkniefni, svo ekki sé fastar að orði kveðið og ég tel að aðgangur á þessu efni sé meira en vel ásættanlegur í landinu. Einnig tel ég að að þetta brjóti í bága við yfirlýsta lýðheilsustefnu í landinu og samkv. nýjustu könnunum eru 62% landsmanna á móti þessari breytingu sem segir manni að almenningi hugnast þetta ekki. Einnig geri ég alvarlega athugasemd við afgreiðslu málsins út úr nefnd þeirri er fjallaði um það. Meike Witt tók undir bókunina. Aðrir sátu hjá.

Með kærri kveðju
Kristófer Tómasson
Sveitarstjóri Skeiða-og Gnúpverjahrepps
Sími 486-6100 gsm 861-7150
netfang : kristofer@skeidnup.is
veffang: www.skeidnup.is
Árnes 801 Selfoss